



Alþingi 2.11.2018

Málsnr.: 1809336

Málalykill: 0.34.5

Fundur með umhverfis- og samgöngunefnd**Bæjarstjórn Kópavogs leggur áherslu á eftirtalin mál:**

173 mál

1. „Þjóðvegir“

1.1. Bæjarráð Kópavogs lýsir yfir vonbrigðum með nýja samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019-2033 en samkvæmt henni á enn og aftur að fresta framkvæmdum við Arnarnesveg, nú til ársins 2024. Þetta er gert þótt öllum ætti að vera ljóst að umferð í gegnum Vatnsendahverfið er orðin allt of mikil og gatnamót Breiðholtsbrautar og Vatnsendavegar löngu sprungin en þar fara um yfir 12.000 bílar á sólahring og miklar umferðatafir eru háannatímum. Sérstök athygli er vakin á þeirri miklu áhættu er varðar öryggi íbúa Kópavogs þar sem efri byggðir Kópavogs eru ekki innan viðbragðstíma sem slökkviliði og sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu er gert að starfa eftir.

Í samgönguáætlun 2011-2022 lenti Arnarnesvegur milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar í enn einni frestuninni og var færður aftur á samgönguáætlun eða yfir á tímabil þrjú, árin 2019-2022. Nú er gengið enn lengra og veginum frestað til árana 2024-2028. Kópavogsbúar hafa sýnt mikla biðlund og tóku síðustu frestun þegjandi í ljósi aðstæðna. Þessi nýjasta frestun er hins vegar ekkert annað en dónaskapur gagnvart íbúum Kópavogs og höfuðborgarsvæðisins alls. Bæjarráð skorar á Samgöngu- og sveitastjórnarráðherra og Alþingi að breyta tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 og virða fyrri áætlun um að lokið skuli við veginn á árunum 2019-2022.

1.2. Brú yfir Fossvog – Óskað er eftir að Vegagerðin komi að fjármögnun brúarinnar með Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ. Gert er ráð fyrir umferð Strætisvagna, hjólandi og gangandi

1.3. Nýbýlavegur – fyrirhugað er að taka hann út af Þjóðvegaskrá, semja þarf um yfirtöku á veginum og frágang svo hægt sé að skila honum í fullnægjandi ástandi. Ósamið er um þessa yfirfærslu.

1.4. Bláfjallavegur – Óskað er eftir að fjárveiting verði nú þegar samþykkt til þess að bæta Bláfjallaveg og Bláfjallaleið vegna vatnsbóls höfuðborgarsvæðisins.

Kópavogi, 2. nóvember 2018